

12 jan 1955

Orðgarvörður undanísins:

ÍSLÉIÐUR SÚARLÍÐASON.

STARFSKÝRSLA TÍKIR ÁRÍÐ

1954.

HORNURLANDSUNÐRÍÐ:

Vaqlir í Fnjóskadal.

GRÆÐIREITUR:

Vinna við græðireitinn hófst 3. maí. Upptaka og flokkun plantna 9. s. m. Dreifsetning og sáning hófst 20. maí og var dreifsetningu að mestu lokið 5. júní, en sáningu 14. s. m. Fræ af birki, uppruni Bajarstaður, skógarfuru, uppruni S.-Salten, sitkagreni, uppruni homer, og bastarður sitkagreni-hvítgreni, uppruni Lawing, spíraði allt mjög lítið. Hefir íræið vafalaust verið lélegt. Óhjákvæmilegt virðist vera að dreifsetja mikið af birki og skógarfuru vorið 1956, þar sem lítið verður af þriggja ára birki og skógarfuru vorið 1957.- Mun meira hefði mátt dreifsetja, einkum af birki, ef ekki hefði skort landrými.- Unnið var að stækkun græðireitsins á Blómsturvöllum. Var þar ruddur 2880 m² reitur og var að mestu lokið við að jafna hann og hreinsa burt ratur. Jarðýta skógræktarinnar vann 70 stundir við stækkunina. Ekið var 15 bílhössum af húsdýraáburði í nýja reitinn og svipuðu mangi í reiti nr. 2 og 3. Ekki varð verulegt tjón á plöntum af völdum frosta eða myglu. Haustsáning varð enginn sökun óhagsettnar veðráttu.

SÁNING Í GRÆÐIREITINN:

	¹ / ₂			
✓ Birki	2.500 kg. ✓	100 m ²	(Bajarstaður.)	201-100-51
✓ Birki	2.500 -	100 - ✓	(Jean Lake.)	1901-200-53
✓ Birki	0.550 -	15 - ✓	(Anchorage.)	1862-200-53
✓ Skógarfura	5.000 -	132 - ✓	(S.-Salten.)	3004-100-47
✓ Skógarfura	2.550 -	99 - ✓	(Troms, Dalir.)	2004-100-47
✓ Kontortafura	0.500x -	20 - ✓	(Skagway.)	1001-250-53
✓ Rauðgreni	0.370v -	45 -v ✓	(Rana.)	3403-100-51
✓ Lerki	0.550v -	20 -v ✓	(Altai-Chebalinsky.)	3601-1200-53
✓ Fjallapínur	1.000 -	14 - ✓	(Skagway.)	900-1000-53
✓ Álmur	1.000 -	14.-		
	<u>19,020</u>	<u>629 m²</u>		

SÁNING Í GRÆÐIREITINN UNDIR GLER:

✓ Kontortafura	0.200xkg.	12 m ² ✓	(Skagway.)	1001-250-53
✓ Rauðgreni	1.130v--	54 -v ✓	(Rana.)	3403-100-51
✓ Lerki	0.450v -	12 -v ✓	(Altai-Chebalinsky.)	3601-1200-53
✓ Sitkagreni	1.000 ✓ -	20 - ✓	(Seward, Kenai.)	102-100-50
✓ Sitkagreni	1.000 ✓ -	18 - ✓	(Homer, Kenai.)	103-100-50
✓ SitkaxHvítgr.	2.000 ✓ -	48 - ✓	(Lawing, M. P. Kenai.)	403-200-57
✓ Hvítgreni	0.120v -	4 - 100	(Huffin Road.)	300-100-53
✓ Broddgreni	0.200 -	6 -	(Sapinero, Colorado)	2100-2400-52
Sitkaelri	0.075 -	2 -	(Rabbet Creek.)	
	<u>6.435</u>	<u>192 m²</u>		

1902 821
55825

Sáning í skóginum
Svojarfura

DREIFPLÖNTUN: 54

✓ Birki	3/0	✓ 42.726	stk ✓	(Bæjarstaður.)
✓ Skógarfura	3/0	✓ 10.400	-	(Dalir, Troms.)
✓ Skógarfura	3/0	✓ 22.498	-	(Innhavet.) ÷ 9,198
✓ Lerki	3/0	✓ 13.840	-	(Hakaskoja.) - 11,383
✓ Alaska-Lerki	3/0	✓ 80	-	(Alaska.) Lorch Dean
✓ Rauðgreni	2/0	52 ✓ 48.090	- ✓	(Snäsa.) ✓
✓ Rauðgreni	2/2	✓ 7.266	-	(Rana.)
✓ Sitkagreni	3/0	✓ 1.617	-	(Seward.) ✓
✓ Sitkagreni	3/0	✓ 2.394	-	(Snow river bridge.) ✓
✓ Engelm'greni	3/0	✓ 7.776	-	(Colorado.) ✓
✓ Fjallapöll	3/0	✓ 14.280	-	(MacLeod.) ✓
✓ Hvítgreni	2/0	52 ✓ 10.616	-	(Mac Grath.) ✓
✓ Hvítgreni	2/0	✓ 12.661	-	(Moose Pass.)
✓ Hvítgreni	2/0	✓ 3.780	-	(Northway.) ✓
✓ Hvítgreni	3/0	✓ 795	9	(Yukon Island in river.)
✓ Þingviðir, græðl.		500	-	
✓ Gulviðir,		2.500	-	

Samtals 202.709 stk.

Tekin voru 11.383 lerki, uppruni Hakaskoja og 9.198 skógarfurar, uppruni Innhavet, til dreifsetningar fyrir Sigurð O. Börnson í Sellandi og eru þessar plöntur meðtaldar í skýrslu yfir dreifsetningu.

SELÐAR & AFHENTAR PLÖNTUR:

Birki	91.500	stk. ✓
Reynir	200	-
Gulviðir	300	-
Lerki	9.000	-
Rauðgreni	15.000	-
Skógarfura	84.000	-

Samtals 200.000 stk.

PLÖNTUR TIL SÖLU & AFHENDINGAR VORIN 1955:

Birki	2/0	20.000	stk.	(Bæjarstaður.)
Birki	3/0	16.000	-	(Bæjarstaður.)
Birki 2/2 (í skjólbelti.)		14.000	-	(Bæjarstaður.)
Birki 2/2 (yfir 60 cm.)		1.200	-	(Bæjarstaður.)
Skógarfura	3/0	31.500	-	(Dalir, Troms.) <u>Aætlað.</u>
Skógarfura	(2/2) 3/2?	18.000	-	(Dalir, Troms.) <u>Aætlað.</u>
Rauðgreni	3/2	9.926	-	(Rana.) <u>Aætlað.</u>
Rauðgreni	3/3	2.250	-	(Trysil.) <u>Aætlað.</u>
Lerki	2/2	9.240	-	(Hakaskoja.) <u>Aætlað.</u>
Lerki	2/2/2	2.400	-	(Hakask. & Irkutsk.)
Gulviðir	0/1	1.000	-	

Samtals 124.516 stk.

55
55/66

67
57

50.-

GRÓÐURSETNING OG SÁNING:

Gróðursetning hófst 17. maí og var lokið 5. júní. Í syðri hluta reits nr. 309 var bætt inn í 2447 lerkiplöntum en í nýðri hlutann voru gróðursettar 2873 plöntur. Í reit nr. 215 bætt inn í 1310 lerkiplöntum. Í reit 409 bætt inn í 2471 rauðgreni og gróðursett 972 rauðgreni til viðbótar og þar með fylltur reiturinn. Í reit 410 bætt inn í 1245 skógarfurum, í reit 407, 1820 og í reit 408 var bætt 550 skógarfurum. Gróðursett var sem hér segir:

	<u>Tegund.</u>	<u>Uppruni.</u>	<u>Reitur nr.</u>	<u>Plöntu- fjöldi.</u>
Vaglaskógur	Lerki	Hakaskoja	309	5.320
Vaglaskógur	Lerki	Hakaskoja	215	1.320
Vaglaskógur	Rauðgreni	Rana	409	3.448
Vaglaskógur	Skógarfura	Dalir, Troms	407	21.820
Vaglaskógur	Skógarfura	Dalir, Troms	408	550
Vaglaskógur	Skógarfura	Dalir, Troms	410	1.245
Sandhaugar	Skógarfura	Dalir, Troms		2.500
Sandhaugar	Rauðgrænir	Rana		800
Sandhaugar	Alaskaösp	Alaska		20
Vaglaskógur	Alaskaösp	-		100
Vaglaskógur	Blágræni	Hallormsstaður		70
			<u>Samtals</u>	<u>17.188</u>

Sáð var skógarfurufræi í ca. 2500 m² spildu sunnan Stekkjarlæjar í Vaglaskógi.

semilega Troms indre stór

GIRÐINGAR, FRIDUN OG VIHALD GIRÐINGA:

Engar nýjar girðingar voru settar upp á árinu. Viðhald girðinguna var með allra minnsta móti. Bætt var um 70 járnstaurum í girðinguna um Lunds- og Þórðarstaðaskóga, aðallega á fjallið. Þar eru millistaurar orðnir lélegir og þarfnast endurnýjunar við. Girðinguna þyrfti að færa á tveim stöðum á fjallinu, þar sem hún stendur heldur framarlega og vill slitna illa niður. Gaflar girðingarinnar þurfa mjög endurbóta við á næsta ári. Öðrum girðingum haldið við svo sem venja er.

SKÓGARHÖGG, GRISJUN & KOLAGERÐ:

SKÓGARHÖGG: Á árinu var höggvið:

	<u>Eldiv.</u>	<u>Efniv.</u>	<u>Arinv.</u>	<u>Staurar</u>	<u>Renglur</u>	<u>Viðarmagn</u>
	<u>kg.</u>	<u>m³</u>	<u>kg.</u>	<u>stk.</u>	<u>stk.</u>	<u>Hestburðir.</u>
Vaglaskógur	48.055	2.500	7.750	2.300	690	634
Þórðarstaðask.	18.000			75		104
Sigríðarstaðask.	3.500					35
	<u>61.555</u>	<u>2.500</u>	<u>7.750</u>	<u>2.375</u>	<u>690</u>	<u>773</u>

Í Vaglaskógi var grisjaður reitur nr. 223, að mestu lokið við reiti nr. 104, 105, 106 og byrjað á 202. Minna varð um skógarhögg en undanfarin ár, m. a. vegna annara framkvæmda, mjög óhagstæðrar haustveðráttu, svo og minnkandi eftirspurnar eftir eldivið.

BYGGINGAR OG VIÐHALD FASTEIGNA:

Steyptir voru upp suður og austur veggir fjárhúss og sambyggðar heyhlöðu á Vöglum. Nýjar hurðir og gluggar settar í fjárhús. Þak þess endurnýjað, nema þakjárn. Voru fjárhúsin fyrst og fremst byggð upp með það fyrir augum, að þar mætti geyma vélakost skógræktarinnar. Smávegilegar endurbætur voru gerðar á Vaglahúsinu að innan. Allt var það málað utan. Dieselvél 1.250 kw. var fengin til ljósa.

VEGAGERÐ:

Mikið var unnið að vegagerð á árinu. Jarðýta skógræktarinnar vann 80 stundir að vegagerð í Vaglaskógi. Var það við lagfæringar á veginum upp í Vagli og á veginum frá Skógarseli að Kumblaflöt. Var að mestu borið í veginn frá græðireit upp í Vagli og var það gert með vörubifreið skógræktarinnar. Einnig var borið í veginn frá Hróastaðanesi suður að Mörk. Lagði sýsluvegasjóður kr. 5.000.- til þessara framkvæmda en fjallvegasjóður kr. 9.000.00. Vegagerð ríkisins sá um framkvæmdir. Jarðýta skógræktarinnar vann 70 stundir við veginn suður að Þórðarstöðum. Var nú rutt frá Búðargili að Þórðarstöðum. Voru settar tunnur í gil og læki á þessari leið og einnig lagfærðir þeir fartálmar, sem ekki vammst tími til að lagfæra á s. 1. ári. Má vegurinn nú teljast sémilega akfær í þurrviðri.

FERÐALÖG:

Dvaldist í Reykjavík dagana 24. febrúar til 6. marz og sat þar fund með skógræktarstjóra og skógarvörðum. Í maí leiðbeindi ég unglingum úr Laugaskóla við gróðursetningu þar, ungmennafélögum úr Bárðardal leiðbeindi ég við gróðursetningu á Sandhaugum. Í júní leiðbeindi ég aftur þeim síðarnefndu við gróðursetningu í Halldórsstaðaskógi, Myvetningum við gróðursetningu í Dimmuborgum, ennfremur leiðbeindi ég einn dag að Fjalli í Aðaldal við gróðursetningu þar og þrjá daga að Sellandi í Fnjóskadal. Flutti auk þess plöntur víða um svo sem venja er. Auk þessa mjög margar ferðir vegna viðskifta, ferðir vegna vegagerðar og girðinaeftirlits. Alls var ég um 90 daga að heiman.

ÝMISLEGT:

Hinn 14. maí fór brum á birki mjög að þrútna. Græm var skógurinn yfir að líta 26. s. m. Hinn 4. sept. fór skógurinn mjög að sölna og var að mestu lauflaus 25. s. m.- Fræfall varð mjög mikið. Var safnað um 10 kg. af birkifræi í Vaglaskógi. Birkimaðs varð lítið vart.

Vöglum 6. janúar 1955.

Flóruþorinn